

Aðalfundur Félags Háskólakennara á Akureyri 31. maí 2006

Fundargerð

Mættir: alls mættu 18 félagsmenn

1. Fundur settur: Formaður félagsins, Þórir Sigurðsson, setti fund kl. 15.15 í stofu K 201 og skipaði Benedikt Sigurðarsson fundarstjóra og Hafdís Skúladóttir fundarritara, með samþykki fundarmanna.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar: Hafdís Skúladóttir las fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.
3. Ársskýrsla lögð fram: Þórir Sigurðsson dreifði eintaki af skýrslu fyrir starfsárið 8.12.2005-31.5.2006 og fór yfir annál, þar sem hann tiltók hvað var tekið fyrir á stjórnarfundum og félagsfundum á þessu tímabili. Þórir mun fara á norrænan fund háskólakennara í Stykkishólmi 7.-10. júní 2006. Komið hefur upp sú hugmynd að sameina félög háskólakennara á Íslandi. Þarf að athuga hvort það væri okkur í hag að það yrði gert.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins. Ársreikningi FHA fyrir 1. janúar-31. desember 2005 var dreift á fundinum. Þórir kynnti reikninga þar sem gjaldkeri var ekki á fundinum.
Tillaga kom frá Helga Gestssyni að ársreikningar væru eins og skólaárið þ.e. frá 1.júní-31.maí. Þórir svaraði því til að þannig hefði það verið á fyrstu árunum en því hefði verið breytt.
Tillaga kom um að námsjóður myndi styrkja ferðir á ráðstefnur. Vangaveltur hafa verið um að vikka út reglur um námsjód.
Einnig kom upp sú tillaga að fyrir næsta aðalfund væru ársreikningar tveggja ára settir fram til að hægt yrði að bera saman á milli ára.
Athugasemd kom um ávöxtun fjármuna félagsins hvort hún væri nóg.
Reikningar voru samþykktir samhljóða.
5. Staðfesting á inntöku nýrra félaga: Ekki hefur verið settur saman listi yfir nýja félaga en allir nýir félagar voru samþykktir með lófataki.
6. Ákvörðun um árgjald: það var samþykkt að hafa árgjald 1,2% af grunnlaunum (þ.e. óbreytt)
7. Tillögur til lagabreytinga: Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar: Þórir Sigurðsson var kosinn formaður. Ólafur Jakobsson og Elín Díanna Gunnarsdóttir gefa ekki kost á sér áfram. Páll Björnsson og Björk Sigurgeirsdóttir koma inn í þeirra stað til tveggja ára. Hafdís Skúladóttir og Kjartan Ólafsson verða áfram í

stjórn í eitt ár. Finnur Friðriksson og Erla Þrándardóttir voru kosnir varamenn til eins árs. Samþykkt.

9. Samninganefnd: Var endurkjörin. Helgi Gestsson, Hjördís Sigursteinsdóttir, Kristín Dýrfjörð og Þórir Sigurðsson til vara. Samþykkt.
10. Skoðunarmenn ársreikninga: Voru endurkjörnir. Stefán Jóhannsson, og Stefán B. Gunnlaugsson. Samþykkt.
11. Samstarfsnefnd FHA: Var endurkjörin. Hjalti Jóhannesson, Þórir Sigurðsson og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir. Samþykkt.
12. Önnur mál: Kjartan Ólafsson gerði grein fyrir tillögu fráfarandi stjórnar um ráðningu starfsmanns í allt að 20% stöðugildi. Dreift var greinagerð og ályktun. Starfsmaður mun ekki taka að sér gjaldkerastörf fyrir FHA, eingöngu félagsstörf. Starfslýsing er samkvæmt ráðningarsamningi. Umræða var um málið. Heimildarákvæði er til þess efnis að starfsmaður þarf ekki að vera jafnframt formaður FHA. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um námssjóð að í sjóðinn renni 500.000,- krónur fyrir skólaárið 2006-2007 var samþykkt.

Tillaga um að styrkupp hæð nemi allt að 80% af heildarkostnaði námskeiðs en verði aldrei hærri en 40.000,-kr var samþykkt.

Tillaga um skilyrðið að hver félagsmaður fái ekki úthlutað meira en hámarksfjárhæð á hverjum vetri var samþykkt.

Ábending kom fram þess efnis að námssjóður er fjárheimild og ekki er til neitt uppgjör um hann.

Umræður voru um nauðsyn þess að styrkja liðsandann meðal félagsmanna og nauðsyn þess að fylgjast vel með stefnumótun skólans sem er í gangi.

Fundi slitið kl 16:50.

Hafdís Skúladóttir, ritaði fundargerð.